



## Yfirlýsing frá þingi Starfsgreinasambands Íslands

Þing Starfsgreinasambandsins haldið í Reykjavík dagana 14. og 15. október 2015 lýsir yfir miklum vonbrigðum með þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við stofnun Stjórnstöðvar ferðamála. Ljóst má vera að ekki væri talin þörf á því að kalla verkalýðshreyfinguna til við undirbúning nýs skipulags í ferðamálum. Slík vinnubrögð eru skýr skilaboð um að skipulag ferðamála verði á könnu stjórnvalda og atvinnurekenda en komi starfsfólki í greininni ekki við. Sífelld stærri hluti verkefna aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins fjalla um að bregðast við brotum á kjarasamningum innan ferðapjónustunnar og víða er þar ófremdarástand. Það er mikið óráð að byggja upp ferðapjónustu til framtíðar án þess að eiga samráð við hagsmunasamtök launafólks í starfsgreininni.